

## AUGLÝSING

### um staðfestingu safnaráðs á stofnskrá Byggðasafns Hafnarfjarðar.

Með vísan til 3. tl. 10. gr., sbr. c-lið 2. mgr. 7. gr. safnalaga nr. 141/2011, staðfesti safnaráð þann 21. nóvember 2013 stofnskrá Byggðasafns Hafnarfjarðar.

Stofnskráin er birt sem fylgiskjal með auglýsingu þessari.

*Reykjavík, 24. janúar 2018.*

F.h. safnaráðs,

**Þóra Björk Ólafsdóttir** framkvæmdastjóri.

### Fylgiskjal.

#### STOFNSKRÁ Byggðasafns Hafnarfjarðar.

##### 1. gr.

Safnið heitir Byggðasafn Hafnarfjarðar og er starfssvæði þess Hafnarfjörður og nágrenni hans. Stofnskrá þess er í 14 greinum.

##### 2. gr.

Safnið er í eigu og rekið af bæjarsjóði Hafnarfjarðar, það er á stjórnábyrgð bæjarins og stjórnarnefnd þess er menningar- og ferðamálanefnd Hafnarfjarðar er heyrir undir bæjarráð Hafnarfjarðar.

##### 3. gr.

Byggðasafn Hafnarfjarðar starfar í almannabágu og er ekki rekið í hagnaðarskyni. Það starfar samkvæmt gildandi lögum um söfn; safnalögum og lögum um menningarminjar.

##### 4. gr.

Starfsemi safnsins og stjórnarnefnd þess starfa samkvæmt stofnskrá þessari og samkvæmt alþjóðlegum siðareglum Alþjóðaráðs safna, ICOM (International Council of Museums).

##### 5. gr.

Bæjarsjóður Hafnarfjarðar tryggir safninu rekstrarfé samkvæmt fjárhagsáætlun ár hvert. Það fé sem safnið aflar sjálft, með styrkjum, tekjum eða gjafafé rennur óskipt til safnsins sjálfs. Reikningar safnsins eru hluti af reikningshaldi Hafnarfjarðarkaupstaðar og eru endurskoðaðir af löggiltum endurskoðendum.

##### 6. gr.

Helstu verkefni safnsins eru að byggja upp, skrá og varðveita góðan safnkost muna og mynda sem varpa ljósi á sögu og menningu svæðisins samkvæmt söfnunarstefnu þess. Að miðla menningu og sögu bæjarfélagsins, meðal annars með sýningahaldi og fyrirlestrum eða með öðrum þeim hætti sem henta þykir og fjárhagsáætlun safnsins gerir kleift hverju sinni. Safnið sér um skráningu fornminja og annarra söguminja á svæðinu í samráði og samvinnu við Minjastofnun Íslands og skipulagssvið Hafnarfjarðarkaupstaðar. Þá skal safnið í samvinnu við sömu stofnanir gangast fyrir nákvæmri skráningu þeirra mannvirkja á starfssvæðinu sem af byggingar- eða menningarsögulegum ástæðum hafa varðveislugildi.

## 7. gr.

Byggðasafn Hafnarfjarðar skal vera opið almenningi á auglýstum tímum og skal auk þess kynnt nemendum allra skólastiga í samráði við skólafyrirvöld í Hafnarfirði.

## 8. gr.

Alla þá muni, filmur og ljósmyndir og önnur safnverðmæti er safninu berast skal skrásetja vandlega, merkja og koma í svo tryggja vörslu sem unnt er. Hvorki má gefa né selja þá muni sem safnið hefur eignast. Safninu er ekki heimilt að taka við munum eða öðrum minjum er sérstakar kvaðir fylgja og því er ekki heimilt að kaupa muni eða myndir.

## 9. gr.

Safninu er heimilt að varðveita safnmuni og aðrar minjar utan veggja safnsins, gefist ekki kostur á að flytja slíka muni í safnið eða betur hentar að varðveita þá annars staðar.

## 10. gr.

Bæjarminjavörður Hafnarfjarðar veitir safninu forstöðu og hefur hann umsjón með öllum daglegum rekstri þess og ber ábyrgð á starfsemi þess gagnvart stjórn þess og þjóðminjavörslunni. Þá vinnur hann að gerð fjárhags- og greiðsluáætlana. Bæjarminjavörður hefur ákvörðunarvald og ber ábyrgð á öllum þeim málefnum sem snerta innra starf safnsins s.s. söfnun muna og ljósmynda, skráningu þeirra, forvörslu svo og hönnun, uppsetningu og gerð sýninga. Hann hefur umsjón með húsum og öðrum eignum safnsins og ber að sjá um að þeim sé vel við haldið í samvinnu við Fasteignafélag Hafnarfjarðar. Bæjarminjavörður skal ætíð fylgja siðareglum ICOM og tryggja að starfað sé eftir þeim innan safnsins. Bæjarminjavörður annast ráðningu fastra og lausráðinna starfsmanna safnsins í samræmi við samþykktu fjárhagsáætlun bæjarsjóðs Hafnarfjarðar.

## 11. gr.

Bæjaryfirvöld ráða bæjarminjavörð að fenginni tillögu menningarfulltrúa og skal hann hafa sérfræðimenntun og staðgóða þekkingu á menningarsögu og starfsemi/rekstri safna. Starfið skal auglýst samkvæmt samþykktum og hefðum Hafnarfjarðarkaupstaðar.

## 12. gr.

Safngripir og frummyndir safnsins skulu ætíð varðveitt í safninu eða í tryggum geymslum á vegum þess. Bæjarminjaverði er þó heimilt að lána einstaka muni eða myndir úr safninu um takmarkaðan tíma.

## 13. gr.

Bæjarminjaverði er heimilt að ganga til samstarfs við önnur söfn innanlands sem utan eða viðurkenndar stofnanir um málefni er varða safnið.

## 14. gr.

Ef safnið verður lagt niður rennur safnkostur safnsins til Þjóðminjasafns Íslands en aðrar eigur til bæjarsjóðs Hafnarfjarðar að höfðu samráði við ráðuneyti.